


Vinnulisti – rafræn undirskrift

Vinnuferlið

Þegar notandi sem hefur heimild (þetta er tengt faghópum) til að undirrita eyðublað rafrænt er að skoða vinnulista sinn, þá sést eftirfarandi aðgerð í hnappastikunni í flipanum „Óklárað hjá mér“:




Aðgerðin er einnig aðgengileg í valmynd sem kemur upp þegar hægri-smellit er á eyðublað í vinnulistanum og með Ctrl+U.

ATH: Aðgerðin er óvirk ef eyðublaðið sem valið er var *ekki* sent af öðrum notanda – einungis er hægt að undirskrifa og samþykkja eyðublöð sem annar notandi (t.d. ritari) sendi notandanum sem er í vinnulistanum.

Þegar aðgerðin er valin þá kemur upp staðfestingargluggi þar sem notandinn verður að staðfesta undirskriftina. Þegar það er gert þá er eyðublaðið merkt sem að það hafi verið undirskrifað rafrænt og sent til baka til notandans sem sendi það. Við það hverfur eyðublaðið úr vinnulista notandans sem undirskrifaði það, en birtist aftur í flipanum „Óklárað hjá mér“ hjá fyrri notandanum.

Sá notandi sem fær rafrænt undirskrifað eyðublað til baka á þennan hátt (t.d. ritari sem fær til baka eyðublað frá lækni) getur auðveldlega séð hvaða eyðublöð í vinnulista sínum voru undirskrifuð á þennan hátt, þar sem þau fá við þetta hak í reitinn „Rafræn undirskrift“:



Útprentanir eyðublaða

Hafi eyðublað verið undirskrifað rafrænt á þennan hátt þá sést það í undirskriftinni þegar eyðublaðið er skoðað í Sögu.



Afrit			
Undirskrift			
Númer	Starfsmaður	Starfsheiti	Útfyllt af
221	Alli Sturluson	læknir	Kristín Þ
Áðsetur			
Saga_skema -TMS - Theriak, Holtasmári 1, 201, Kópavangi, 545-3300			
Dags	Undirskrift		
19.08.2010	(Rafræn undirskrift)		

Hið sama á við þegar eyðublöð eru prentuð út og stöðluð útprentun er notuð.

Undirskrift	
Númer	Starfsmaður
	Birgir Finnsson
Áðsetur	
Heilbrigðisstofnun, Urðarhvammi 8, 8937777	
Dags	Undirskrift
18.08.2010	(Rafræn undirskrift)

Fjöldmörg eyðublöð eru hinsvegar með séraðlagaðar útprentanir og þeim hefur *ekki* verið breytt.

Undantekning frá þessu eru 4 eyðublöð sem hefur nú þegar verið breytt: #3 (Læknabréf - Slys- og bráðam.), #12 (Læknabréf m/Legunr.), #186 (Læknabréf án/Legunr.) og #408 (Læknabréf v/ sykursýki). Þegar þessi eyðublöð eru prentuð út þá sýna þau rafræna undirskrift í líkingu við:

Saga_skema -TMS - Theriak Holtasmári 1 Holtasmári 1	Almennar lyflækningar
19.08.2010 / kristín þ	
LÆKNABRÉF	
Víttakandi Aðalbjörg Björgvinsdóttir	Varðandi Gisli Harðarson
ascf ascf ascf edaf	
(Rafræn undirskrift)	
Kristín Dorbjörnsdóttir	

Með kveðju
EMR - Heilbrigðislausnir